



Fundargerð 6. fundar framkvæmdaráðs SSA 15. janúar 2019

Fundurinn hófst kl. 13:30 í húsnæði Austurbrúar á Egilsstöðum.

Formaður setti fundinn, gengið var til eftirfarandi dagskrár.

1. Sóknaráætlun
Uppbyggingarsjóður Austurlands og áhersluverkefni
2. Sértek verkefni samkvæmt byggðaáætlun C1
3. Samstarf SSA og Austurbrúar.
4. Önnur mál.

1. Sóknaráætlun

Uppbyggingarsjóður Austurlands og áhersluverkefni. Framkvæmdaráð fór yfir áhersluverkefni og setti upp áætlun sem lögð verður fyrir stjórn. Samþykkt var að auka framlag í Uppbyggingarsjóð um kr. 3.000.000 með fyrirvara um samþykki stjórnar SSA.

2. Sértek verkefni samkvæmt byggðaáætlun C1.

Farið var yfir bréf frá sveitarstjórnarráðuneytinu um framlög vegna aðgerðar C1, sértek verkefni sóknaráætlanasvæða. Rætt var um fyrirkomulag umsókna. Umsóknarfrestur er til miðnættis 17. febrúar. Verkefnastjóra var falið að senda bréf og fá nánari upplýsingar um fyrirkomulagið og benda á stuttan fyrirvara að umsóknarfresti.

3. Samstarf SSA og Austurbrúar.

Rætt var um tillögur starfsháttanefndar Austurbrúar um samstarfið. Settar voru upp drög að tillögu sem lögð verður fyrir stjórn SSA á fundi 29. janúar.

4. Önnur mál.

- a. Gunnar Jónsson og Hildur Þórisdóttir sögðu frá fundi með samgöngunefnd Alþingis sem haldinn var kl. 10:20 í morgun. Þangað voru fulltrúar SSA og fulltrúar Seyðisfjarðarkaupstaðar boðaðir. Nauðsynlegt er að ræða veggjöld á vettvangi SSA.
- b. Stjórnstöð ferðamála og Ferðamálastofa hafa sent beiðni um fund. Verkefnastjóra og formanni var falið að finna hentugan fundartíma.
- c. Fundur með Eyþingi um sorpmál 21. janúar. Ákveðið var að senda erindið til sveitarfélaga og kanna vilja þar fyrir því að senda fulltrúa á fundinn.
- d. Einar Már Sigurðarson, formaður fer á ráðstefnu og vinnustofu á vegum Byggðastofnunar í Hveragerði 22.–23. janúar.



Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16.

Einar Már Sigurðarson

Gunnar Jónsson

Hildur Þórisdóttir
